

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu
starfsreglna stjórnar Flugþróunarsjóðs, nr. 653/2016.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á starfsreglum í fylgiskjali við auglýsinguna:

a. 1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Umsækjandi getur sótt um styrki til sjóðsins vegna uppbyggingar á reglulegu beinu flugi til Akureyrar eða Egilsstaða. Með reglulegu beinu flugi er átt við að flugið komi erlendis frá, þ.e. beint frá erlendum áfangastað, eða með beinum tengingum við önnur millilandaflug á öðrum flugvelli á Íslandi. Áætlunar- eða leiguflugferðir sem leggja áherslu á sölu flugsæta frá Íslandi eru ekki styrkhæfar.

b. 2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Þar sem fjármunir sjóðsins eru takmarkaðir skal stjórn sjóðsins úthluta styrkjum til umsækjenda samkvæmt eftirfarandi forgangs röðun:

1. Fyrsti forgangur er á áætlunarflug flugrekstraraðila sem býður einstök sæti til sölu í reglulegu áætlunarflugi og sætin eru í almennri dreifingu á markaði.
2. Annar forgangur er á reglubundið flug, þar sem umsækjandi býður pakkaferðir til sölu í áætlunarflugi yfir lengra tímabil og býður auk þess stök flugsæti til sölu á almennum markaði.
3. Þriðji forgangur er áætlunarflug flugrekstraraðila, sem býður beina tengingu við önnur millilandaflug á öðrum flugvelli á Íslandi.
4. Fjórði forgangur er á reglubundið leiguflug, þ.e. þjónustu sem boðin er af umsækjanda, t.d. pakkaferð, þar sem ekki er hægt að kaupa stakt flugsæti á markaði.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. janúar 2017.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.